

Kosið í allar fastanefndir Alþingis á fundum í gær

Engar teljandi breytingar frá í fyrra

Fundir voru haldnir í sameinuðu þingi og báðum deildum Alþingis í gær. Kosið var í allar fastanefndir þingsins, nema kjörbréfanefnd, sem áður var búið að kjósa í sameinuðu þingi. Nefndaskipun er að mestu eins og í fyrra og fer hér á eftir yfirlit yfir skipun nefnda þingsins:

Í SAMEINUÐU ÞINGI:

Fjárveitinganefnd: Halldór Ásgrímsson, Pétur Ottesen, Karl Guðjónsson, Karl Kristjánsson, Magnús Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Kjartansson, Sveinbjörn Högnason.

Allsherjarnefnd: Eiríkur Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Benedikt Gröndal, Björn Ólafsson, Björn Jónsson, Steingrímur Steinþórsson.

Þingfararkaupsnefnd: Eiríkur Þorsteinsson, Jón Pálmason, Gunnar Jóhannsson, Pétur Pétursson, Kjartan J. Jóhannsson.

Utanríkismálanefnd: Aðalmenn: Steingr. Steinþórsson, Ólafur Thors, Gísli Guðmundsson, Emil Jónsson, Bjarni Benediktsson, Finnogi R. Valdimarsson, Sveinbjörn Högnason. Varamenn: Páll Zóphóniasson Jóhann Jósefsson, Halldór Ásgrímsson, Gylfi Þ. Gíslason, Björn Ólafsson, Einar Olgeirsson, Halldór E. Sigurðsson.

Yfir 40 þúsund sáu ljósmyndasýninguna

Ljósmyndasýningunni „Fjölskyldu þjóðanna“ er nú lokið og sáu sýninguna hér á landi samtals 40.866 manns. Sýningin er nú tekin niður úr Iðnskólabyggingunni á Skólavörðuhæð og verður send heðan til Danmerkur, þar sem sýningin verður opnuð í Kaupmannahöfn innan skamms.

Kjörbréfanefnd: Gísli Guðmundsson, Bjarni Benediktsson, Áki Jakobsen, Alfreð Gíslason, Friðjón Þórðarson.

Í EFRI DEILD:

Fjárhagsnefnd: Bernharð Stefánsson, Gunnar Thoroddsen, Eggert Þorsteinsson, Björn Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Samgöngumálanefnd: Sigurvin Einarsson, Jón Kjartansson, Friðjón Skarphéðinsson, Björgvin Jónsson, Sigurður Bjarnason.

Landbúnaðarnefnd: Páll Zóphóniasson, Friðjón Þórðarson, Finnogi R. Valdimarsson, Sigurvin Einarsson, Sigurður Ó. Ólafsson. **Sjávarútvegsnefnd:** Björgvin Jónsson, Gunnar Thoroddsen, Eggert Þorsteinsson, Björn Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd: Karl Kristjánsson, Friðjón Þórðarson, Alfreð Gíslason, Eggert Þorsteinsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Menntamálanefnd: Sigurvin Einarsson, Gunnar Thoroddsen, Friðjón Skarphéðinsson, Finnogi R. Valdimarsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Allsherjarnefnd: Páll Zóphóniasson, Friðjón Þórðarson, Friðjón Skarphéðinsson, Alfreð Gíslason, Jón Kjartansson.

Í NEÐRI NEILD:

Fjárhagsnefnd: Skúli Guðmundsson, Jóhann Hafstein, Einar Olgeirsson (Framhald á 2. síðu).

Norðmenn grýta brezka hershöfðingja í misgripum



Eins og frá hefir verið skýrt í fréttum varð sá atburður á Fornebu-flugvælinum við Ósló fyrir helgina, er von var þangað á Speidel hershöfðingja NOTO, að æstur lýður grýtti tvo brezka hershöfðingja í misgripum, þar sem fólkið hélt, að þar væri Speidel á ferð. Hér sést mannsöfnuðurinn á Fornebu. Brezku foringjarnir sjást ganga gegnum hópinn til vinstri á myndinni.

Íbúðarhúsið að Læk í Holtahreppi brann til ösku á tveimur klst.

Eldurinn stóð á tvö þúsund hesta heyllöðu og þrjátíu kúa fjós um 20 m. frá húsinu, en þeim tókst að bjarga

Rauðalæk í gær. — Í dag brann íbúðarhúsið á Læk í Holtahreppi til kaldra kola á tveimur klukkustundum. Litlu einu var bjargað af húsmunum og hefir bóndinn, Sigfús Davíðsson, orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni. Tíu manns eru í heimili á Læk. Íbúðarhúsið mun hafa verið lágt vatryggt.

Þannig hagar til barna, að íbúðarhúsið stóð um tuttugu metra frá fjósi og hlöðu, sambyggðu. Var aðeins vegna ótuls slökkvistarfs hægt að bjarga þessum útihúsum, enda var á hvöss norðaustan átt og stóð eldurinn og neistaflugið beint á útihúsin.

Menn drífur að.

Strax og vitað var um eldinn, dreif menn að til að slökkva, bæði úr Holtahreppi og Landhreppi. Íbúðarhúsið var járnklætt timburhús, einangrað með torfi. Eldurinn læsti sig því mjög fljótt um það og ekki bætti hvassviðrið úr skák. Brann það, eins og fyrr segir til kaldra kola á mjög skömmum tíma. Slökkviliðið á Selfossi kom á vettvang, en þá var húsið brunnið.

Handslökkvitæki.

Þegar séð varð, að vonlaust var að reyna að bjarga íbúðarhúsinu, beindist slökkvistarfið að því að bjarga hlöðu og fjósi. Fjósið barna tekur þrjátíu kúr, en um tvö þúsund hestar af heyi eru í hlöðunni. Menn frá Rauðalæk höfðu tekið með sér handslökkvitæki og kom

það að miklum notum við að varna því að eldur læsti sig í gluggakarma í fjósinu.

Íkvikun í þaki.

Húsið var steypdur kjallari, hæð og rishæð. Talið er að eldur hafi fyrst kviknað í þaki út frá reykháfi.

Abstraktlist setur mestan svip á norrænu listsýninguna í Gautaborg

Íslenzku verkin vekja mikla athygli

S. I. laugardag var opnuð í húsakynnum listasafnsins í Gautaborg samnorraen listsýning. Taka þátt í henni 44 mál-
arar og 37 myndhöggvarar frá Norðurlöndunum öllum. Sýning þessi hefir vakið allmikla athygli á Norðurlöndum, enda er hún með nokkru öðru sniði en þær sýningar, sem hingað til hafa verið haldnar af norræna listsambandinu, en þessi er sú 8. í röðinni.

Áður hefir myndunum alltaf verið raðað upp þannig, að hver þjóð var sér. Nú hefir hins vegar listaverkunum verið raðað upp eftir listrænum sameinkennum. Með þessu fæst betra yfirlit yfir norræna myndlist í heild, enda þótt gagnrýnendur hafi ekki verið á einu máli um ágæti þessa fyrirkomulags.

Mest af abstraktverkum.

Í blaðinu Politiken er löng grein um sýninguna. Segir þar meðal annars, að þrjár höfuðstefnur setji svip á hana: abstrakt-stefnan, expressionisminn og náttúrutúlkun. Af þessum þremur sé einsætt, að mest berir á abstraktverkum og eigi þetta við um löndin öll, en þó eink um Svía. Ræðir greinarhöfundur síðan margt um ágæti hinna einstöku listaverka og listamennina sjálfa. Með greininni eru myndir af tveim listaverkum eftir Íslendinga, sem þátt taka í sýningunni. Annað þeirra er höggmyndin Rafmagn eftir Ásmund Sveinsson, sem

hér birtist mynd af, en hin er Komposition eftir Valtýr Pétursson. Má af þessu marka, að íslenzku verkin vekji nokkra athygli.



Höggmyndin RAFMAGN
eftir Ásmund Sveinsson

Lester Pearson hlaut friðar- verðlaun Nóbels árið 1957

NTB-Ósló, 14. okt. — Norska Stórþingið úthlutaði í dag friðarverðlaunum Nobels fyrir árið 1957 og féllu þau að þessu sinni í hlut Lester Pearson fyrrv. utanríkisráðherra Kanada. Þótt ekki sé það beinlínis tekið fram í greinargerð fyrir veitingunni, er það haft eftir góðum heimildum í Ósló, að Pearson hafi fyrst og fremst verið veitt verðlaunin fyrir þann mikla þátt, sem hann átti í því að Súez-deilan leystist nokkurn veginn friðsamlega á s. l. hausti.

Annars er bent á óþrestandi starf Pearson fyrir bættri sambúð þjóða í milli, ekki síst að því er snertir samstarf vestrænu þjóðanna.

Lögregluhlíf S. Þ.

Pearson hefir allt frá fyrstu tíð verið mikill stuðningsmaður S. Þ., enda lagði hann fram mikinn skerf sem fulltrúi Kanada strax við stofnun samtakanna. Hann hefir og lengi verið fylgjandi því að S. Þ. hefðu á að skipa alþjóðlegu lögregluhlífi. Á s. l. hausti er Súez-deilan stóð sem hæst, fékk hann því öðrum fremur til vegar komið, að slíkt gæzlulið var stofnað og sent til Súez með þeim árangri sem kunnugt er.

Til heiðurs Kanada.

Pearson er sextugur að aldri. Hann var prófessor í sögu áður en hann gekk í utanríkisþjónustuna 1928. Síðar varð hann sendiherra í Bandaríkjunum og loks utanríkisráðherra 1948 og gegndi því unzflokkur hans beið kosningaósigur á s. l. sumri. Í viðtali við blaða-



Lester Pearson.

menn í dag, sagði Pearson, að sér hefði komið veitingin mjög á óvart. Svo hefði sér orðið ljóst, að tilgangurinn með henni væri fyrst og fremst að heiðra Kanada fyrir friðarstefnu þá, sem landið hefði fylgt undanfarandi ár.